



Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Fimmtudagur 1. september 2016

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Hafragrautur

Nemendum á unglingastigi mun standa til boða frír hafragrautur í frímínútum kl. 9:40 frá og með þarnaesta mánudegi 12. september.

Ofnæmi - mataróþol

Minnt er á að ef nemendur eru með ofnæmi eða mataróþol sem taka þarf tillit til þá þurfa foreldrar að framvísa vottorði frá lækni.

Muna sundfötin!

Við biðjum foreldra um að aðstoða börnin við að muna eftir sundfötunum þegar sund er á stundaskránni. Þetta vill dálítið gleymast núna fyrstu dagana.

Nýr forstöðumaður í Dægradvöl

Nú hefur Sigríður Egilsdóttir látið af störfum sem forstöðumaður Dægradvalar Hörðuvallaskóla en í hennar stað er kominn til starfa Hjörtur Harðarson. Netfang Hjartar er hjortur.h@kopavogur.is

Kæra skólasamfélag

Fyrstu dagar skólaársins eru að baki og allt saman rúllar þetta ágætlega af stað hjá okkur. Að venju verður ýmislegt um að vera hjá okkur í septembermánuði. Er það allt frá námskynningum upp í að aðlaga starfið lítillega að tónleikahaldi í Kórnum. Sá atburður á reyndar ekki að hafa teljandi áhrif á skólastarfið, nema að íþróttir í næstu viku munu hjá eldri nemendum einkennast af gönguferðum o.þ.h. Stórt mál sem er í gangi hjá okkur er afhending spjaldtölva í 5. og 6. bekk en þar eru nemendur að byrja að kynna tækjunum og fá þau svo afhent áður en langt um líður. Í öðrum árgöngum fíkra svo kennarar og nemendur sig einnig áfram með notkun tækjanna, en þetta er jú eitt stærsta verkefnið hjá okkur þessi misserin, að nýta sem best þau tækifæri sem tæknin gefur okkur til að auðga námið fyrir börnin okkar. Í skólahúsnæðinu í Kórnum er verið að útbúa nýjan matsal fyrir okkur og vonumst við til að þeim framkvæmdum ljúki innan skamms. Við höfum síðan hefðbundnar námskynningar fyrir foreldra í mánuðinum og má nálgast tímasetningar þeirra á baksíðunni. Við gerum að sjálfsögðu ráð fyrir almennri mætingu foreldra á fundina enda mikilvægt að fylgjast vel með starfinu í skólanum, þannig gefum við líka börnunum skýr skilaboð um að starfið innan veggja skólans skipti miklu máli!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Bókasafn
Kópavogs

| bokasafnkopavogs.is



Heilabrot

Heimanámsaðstoð fyrir nemendur í gunnskóla

Grunnskólanemendum býðst að koma á aðalsafn í vetur og fá aðstoð við heimanám. Kennari verður á staðnum.

Heimanámsaðstoðin hefst 30. ágúst og verður alla þriðjudaga í vetur kl. 14:30–16:30.

Nemendur þurfa ekki að skrá sig, það kostar ekkert og það er engin mætingarskylda.



Skólapúlsinn - kannanir meðal nemenda

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6.-10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi, viðhorf til námsins og ýmissa almennra spurninga um skóla- og bekkjaranda. Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísi. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Ef að foreldri er mótfallið því að því nemandi svari spurningalistanum er það beðið um að hafa samband við skólann og verður þá nemandinn fjarlægður af þátttakendalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á <http://skolapulsinn.is/um>.

Einnig er hægt að hringja í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is

Skólapúlsinn

Forfallaskráningar í gegnum fjölskylduvef Mentor



Frá og með mánudeginum 5. september verður opið fyrir þann möguleika að foreldrar geti sjálfir skráð veikindaforföll barna sinna í gegnum fjölskylduvef Mentor. Þegar farið er inn á fjölskylduvefinn er smellt á „Ástundun“ og þar á „tilkynna veikindi“ og er þá hægt að senda inn veikindatilkynningar fyrir nemendur fyrir einn til tvo daga eftir atvikum. Ritari fær þá tilkynningu um veikindin og þegar búið er að samþykka tilkynninguna fær foreldri sjálfkrafa póst um að veikindi hafi verið skráð. Mikilvægt er að ítreka að þessi möguleiki er einungis fyrir veikindaskráningar. Ef um leyfisbeiðnir er að ræða þarf eftir sem áður að snúa sér til umsjónarkennara eða skólastjórnenda eftir atvikum. Þá er rétt að ítreka að nemendur eiga aðeins að hafa sín eigin lykilorð að mentor - ekki lykilorð forráðamanna. Ef svo er þurfa forráðamenn að breyta lykilorðum og útvega nemendum sín eigin. Leiðbeiningar vegna þessa má nálgast hér fyrir neðan.

Leiðbeiningar frá mentor

Nýtt skólaár er nú gengið í garð og með því viljum við senda ykkur hagnýt kennslumyndbönd til aðstoðar við aðgang ykkar að Mentor. Mentor er nýttur til að auka upplýsingaflæði til heimila. Þið getið skráð ykkur inn á vefinn með lykilorði og fáið þá aðgang að svæði þar sem hægt er að finna allar helstu upplýsingar um ykkar börn. Hægt er að sjá meðal annars stundaskrá, heimavinnu, ástundun, fréttir og fleira. Ef þið lendið í vandræðum vinsamlega snúið ykkur til skólans.

Almennar upplýsingar um umhverfi nemenda og foreldra: <https://www.youtube.com/watch?v=rkSNxzhnIKQ>

Hvernig þið gerið upplýsingar um ykkur sýnilegar öðrum foreldrum: <https://www.youtube.com/watch?v=bjao4FXrOxM>

Hvernig þið nálgist nýtt lykilorð að Mentor: <https://www.youtube.com/watch?v=ifwOntk280M>

Hvernig þið getið aðstoðað nemendur að nálgast lykilorð að Mentor: <https://www.youtube.com/watch?v=Tlkwh74Tfr8>

Okkar Kópavogur - muna að taka þátt!

Kosning í verkefninu Okkar Kópavogur er hafin og stendur til 4. september!

- 200 milljónum hefur verið skipt á milli hverfa eftir íbúafjölda.
- Í hverju hverfi eru 20 hugmyndir, alls 100 hugmyndir. Aðeins er kosið í einu hverfi.
- Kópavogsbúar 16 ára og eldri geta tekið þátt.
- Þú getur kosið eins oft og þú vilt, en síðasta atkvæði gildir.
- **Á meðal verkefna sem kosið er um er körfuboltavöllur við**

Hörðuvallaskóla, hjólabrettavöllur við Kórinn, lýsing á göngustíg við Kórinn og margt fleira..

- Til að kjósa þarf rafræn skilríki eða íslykil en aðstoð við að kjósa er veitt í Bókasafni Kópavogs, Fannborg 6a, og Þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2. Þjónustan er veitt á opnunartíma.



Skákæfingar

verða á mánudögum kl.
15:30-16:10. Kennari er
Gunnar Finnsson og allir
nemendur velkomnir...!!



Skáklið skólans fer á Norðurlandamótið í skák

Aðra helgina í septembermánuði mun skáklið Hörðuvallaskóla halda til Osló og keppa á Norðurlandamóti grunnskólasveita í skák en sveitin vann sér þátttöku-rétt þar með glæsilegri frammistöðu sl. vor. Það verður sannarlega spennandi að fylgjast með frammistöðu okkar fulltrúa þar ytra.

Opnunartímar félagsmiðstöðvarinnar

Kúlunnar eru sem hér segir:

Opnanir fyrir 8.-10 bekk

- mánudaga 19:30-22:00
- miðvikudaga 17:00-18:30 og 19:30-22:00
- annan hvern föstudag frá 20:00-22:00

Opnanir fyrir 5.-7. bekk

- mánudaga 17:00-18:30

Nýr forstöðumaður í Kúlunni er Bjarki Sigurjónsson
netfang bjarkisig@kopavogur.is

Foreldraröltið er byrjað....!!

Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans
<http://www.horduvallaskoli.is/foreldrar/foreldrarolt/>
en fyrstu vaktir eru sem hér segir:

2.sep.16	10.H
9.sep.16	10.R
16.sep.16	2.AB
23.sep.16	2.FÞ
30.sep.16	2.HH



HÖRÐUVALLASKÓLI SEPTEMBER 2016

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
28.	29. Gufusóðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	30. Lambasnitset með bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	31. Píta m/ skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	1. september Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í karrýsósu m/brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	2. Nautahakk og pasta- skrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir. Kúlan opin 8.-10.b	3.
4.	5. Léttsaltaður þorskur m/bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Kúlan 5.-7b. /8.-10b	6. Kjúklingabollur í BBQ m. brúnum hrísgrjónum og maísbaunum. Ávextir og salatbar. Námskynning 8.-10. b	7. Mexíkósk súpa m. kjúkl- ingi, grænmeti, tortilla- flögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir. Kúlan opin 8.-10.b	8. Ýsa í raspi m. soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Dagur læsis	9. Lambagúllas í karrýsósu m. brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	10.
11.	12. Ýsa í orlý m. brúnum hrísgrjónum og súr- sætri sósu. Salatbar og ávextir. Kúlan 5.-7b. /8.-10b	13. Nautahakkabúff m. soðnum kartöflum, brúnni sósu og raba- barasultu. Salatbar og ávextir. Námskynning 2.-7.b	14. Rómaloðuð sveppasúpa m. brauði og álegg. Ávextir. Kúlan opin 8.-10.b	15. Langa í sítrónusmjöri m. soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir. Námskynning 1. bekkur	16. Sænskar hakkabollur m. kartöflum, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir. Dagur ísl. Náttúru Kúlan opin 8.-10.b	17.
18.	19. Ýsa í kókoskarríraspi m. soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Kúlan 5.-7b. /8.-10b	20. Skrur með rjómaþendi, skonsur, ostur og smjör. Ávextir. Fundur bekkjar- fulltrúa kl. 20:00	21. Heitur pastaréttur m. heilheutiskrúfum, bacon, grænmeti og ostasósu. Ávextir. Kúlan opin 8.-10.b	22. Heimalagaður fiskur í doritossósu með hrís- grjónum. Salatbar og ávextir. Samr. próf 7.b - ísl.	23. Grísagúllas í karrýsósu m. hrísgrjónum. Salatbar og ávextir. Samr. próf 7.b - stæ.	24.
25.	26. Ofnbakaður lax m. soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir. Kúlan 5.-7b. /8.-10b	27. Nautagúllaspottaréttur m. kartöflumús. Salat- bar og ávextir. Samstund: Atriði frá 5.Ú / 5.K / 10.R	28. Rjómalöguð blómkáls- súpa m. brauði og tún- fisksalati. Ávextir. Kúlan opin 8.-10.b	29. Heimalagaður plokksk- kur m. rúgbrauði. Salat- bar og ávextir. Samr. próf 4.b - ísl.	30. Kjúklingasnitset með kartöflum og kaldri sósu. Salatbar og ávextir. Samr. próf 4.b - stæ. Kúlan opin 8.-10.b	

Námskynningar verða sem hér segir:

1. bekkur fimmtudaginn 15. september kl. 18:00 í sal skólans í Baugakór
- 2.-4. bekkur þriðjudaginn 13. september kl. 8:40 í sal skólans í Baugakór
- 5.-7. bekkur þriðjudaginn 13. september kl. 8:10 í sal skólans í Baugakór
- 8.-10. bekkur þriðjudaginn 6. september kl. 8:15 í matsal skólans í Vallakór

Hnetulaus skóli -
engar hnetur í nesti -
eða matvæli sem
innihalda hnetur...!!

Útivistartíminn frá 1. september: *Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.*